

Alþingi
Erindi nr. P 133/335
komudagur 27.11.2006

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 27. nóvember 2006

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um lífeyrissjóði, þskj. 236 – 233. mál.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar á lögum um lífeyrissjóði. Annars vegar er lagt til að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóða verði hækkað úr 10% í 12%. Hins vegar er opnað á möguleika lífeyrissjóða, sem njóta eða nutu bakábyrgðar ríkis, sveitarfélaga eða banka, til að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sínum í samræmi við ákvæði 2. mgr. 39. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997.

Vegna fyrra ákvæðisins er vísað til umsagnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, LSR, um þetta frumvarp.

Með síðari breytingunni er lagt til að sjóðum sem njóta bakábyrgðar sveitarfélaga eða banka verði gert kleift að breyta réttindagrundvelli sem nú er ekki heimilt, sbr. 54. gr. laga nr. 129/1997.

Félagar í BSRB eiga aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR), Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga (LSS) og eldri lífeyrissjóðum sveitarfélaga, auk Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. Þar sem LSR starfar samkvæmt sérlögum þurfa samþykktir sjóðsins um réttindi sjóðfélaga að eiga sér stoð í þeim lögum. Því tekur BSRB undir þann skilning LSR (sbr. umsögn LSR um þetta frumvarp) að sú breyting sem lýtur að mögulegum breytingum á réttindum sjóðfélaga til samræmis við 2. mgr. 39 gr. laga nr. 129/1997 taki ekki til LSR.

Öðru máli gegnir um LSS og eldri sjóði sveitarfélaganna. Þeir byggja ekki á sérlögum en hafa engu að síður hvílt á sama laga- og samningsgrunni og LSR. Þannig fóru samningar um LSR og LSS saman á árinu 1996 þegar lögum um LSR var breytt og er það afdráttarlaus skilningur BSRB að líta beri svo á að réttindi sjóðfélaga verði ekki hreyfð með ákvörðun stjórná sjóðanna. BSRB lítur svo á að réttindi sjóðfélaga séu föst umsamin stærð og beri að breyta iðgjöldum ef svo færi að sjóðurinn geti ekki staðið undir réttindum lífeyrisþega.

Sem áður segir eru 2. og 3. gr. þessa frumvarps ætlað að opna heimild fyrir þá lífeyrissjóði sem njóta bakábyrgðar sveitarfélaga eða banka til breytinga á réttindagrundvelli sem nú er ekki heimilt, sbr. 54. gr. nr. 129/1997. Ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að vilji sé hjá sveitarfélögum sem aðild eiga að lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga sem njóta bakábyrgðar sveitarfélaga að fá heimild til breytinga á samþykktum. Slíkt hefur ekki verið rætt og því engin ástæða til breytinga er við kemur þeim lífeyrissjóðum sem njóta bakábyrgðar sveitarfélaga. Því má geta sér þess til að hér sé verið að leggja til breytingu sem á að ná til þeirra sjóða sem njóta bakábyrgðar banka. Er því eðlilegast að lagabreytingin nái aðeins til þeirra tilvika sem henni er ætlað en verði ekki viðtækari en þörf og vilji stendur til.

Því er lagst gegn breytingunni í núverandi mynd og lagt til að hún nái aðeins til lífeyrissjóða sem njóta eða nutu bakábyrgðar banka með þeim fyrirvara að slíkt sé stutt af hálfu samtaka bankastarfsmanna, SÍB, og forsvarsmönnum bankanna.

Fyrir hönd BSRB

Helga Jónsdóttir

Helga Jónsdóttir, framkvæmdastjóri